

starfi, og með því gleðilegar fréttir hafa borist oss af yðar ágæta námsstarfi, leyfum vér oss að senda yður vorar hugheilustu árnaðaróskir, að þér altaf megið njóta þess góða orðstýrs, er þér nú hafið getið yður og að yður megi auðnast að beita lærdómi yðar og hæfileikum sem mest til blessunar landi og lýð og til eflingar því góða í heiminum.

Tillagan var studd af B. B. Olson og samþykkt í einu hljóði.

G. Árnason vakti máls á því að heppilegast mundi að prenta útdrátt úr fundargörningunum, R. Pétursson og aðrir álitu heppilegra að prenta þá eins og þeir stæðu í fundarbókinni J. B. Skaptason lagði til að skrifara, forseta og R. Péturssyi væri falið á hendur að laga þá til sem þyrfti undir prentun. Tillagan var studd af B. B. Olson og samþykkt eftir all-langar umræður.

Þá fór fram kosning embættismanna fyrir næsta ár og voru þessir kosnir:

Forseti S. B. Brynjólfsson

Varaforseti Stefán Thorson

Skrifari G. Árnason

Útbreiðslustjóri B. B. Olson

Varaskrifari A. E. Kristjánsson

Féhirðir Hannes Pétursson

Meðnefndarmaður R. Vídal

Guðm. Guðmundsson

Pétur Bjarnason

Ráðunautar Útbreiðslustjóra;

Mrs. Oddfr. Johnson

Mrs. Tilly Pétursson

B. B. Olson bauð fyrir hönd Gimli safnaðar að næsta þing verði haldið að Gimli. Boðinu var tekið með þökkum samkvæmt tillögu frá J. B. Skaptassyni og Rögnvaldi Péturssyni.

B. B. Olson lagði til að þingið verði haldið 17 júní 1911 á tíunda afmælisdag kyrkjufélagsins, var tillagan studd af A. E. Kristjánsson og samþykkt.